Leikskólinn Arnarsmári



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli 2
2. Inngangur 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós 3
4. Mat á skólastarfi 4
Innra mat leikskólans 4

Ytra mat 6
5. Umbótaáætlun 7
6. Áherslur í starfi leikskólans 7
7. Þróunar- og nýbreytnistarf 8
8. Foreldrasamstarf 8
Foreldraráð 8
Foreldrafélag 8
10. Símenntunaráætlun 9
Skipulagsdagar 9
11. Aðrar upplýsingar 9
12. Húsnæði og lóð 10
Skólaárið 2025 – 2026 10
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027 10
13. Öryggismál 10
14. Lokaorð 11
15. Fylgigögn 11
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun 13
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 15
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 – 2027 18
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs 20

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2025–2026 gekk vel. Starfsmannahópurinn hefur haldist stöðugur sem hefur styrkt faglegt starf og samvinnu innan skólans. Áhersla hefur verið lögð á áframhaldandi þróun á helstu áhersluþáttum skólastarfsins, svo sem réttindi barna, uppeldi til ábyrgðar, læsi, samskipti og heilsueflingu.

Á komandi skólaári verður unnið áfram út frá þessum grunni með það að markmiði að efla gæði skólastarfsins enn frekar. Niðurstöður úr innra og ytra mati, þar á meðal starfsmanna- og foreldrakönnunum, gefa skýra mynd af styrkleikum leikskólans, svo sem jákvæðum starfsanda, góðu samstarfi og fagmennsku starfsfólks. Jafnframt benda niðurstöður til þess að mikilvægt sé að huga áfram að umbótum sem snúa að starfsumhverfi, álagi og skipulagi starfseminnar.

Áherslur skólaársins 2026–2027 munu meðal annars beinast að því að styrkja vellíðan allra í leikskólanum, gera faglegt starf markvissara og efla enn frekar samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Með þessum hætti er markmiðið að tryggja áframhaldandi jákvæða þróun og skapa öruggt, styðjandi og fjölbreytt námsumhverfi fyrir öll börn.

3. Skólastarfið/Leiðarljós



Í Arnarsmára er markvisst unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði. Uppbygging sjálfsaga – Uppeldi til ábyrgðar er uppeldisstefna sem starfað er eftir í Arnarsmára. Þessi stefna hefur mikinn samhljóm við starfið í skólanum og hafa allflestir kennarar skólans farið á námskeið í þessum fræðum. Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfsstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópsins hugdjarfari en fyrr.

Í Arnarsmára iðka börn og kennarar dyggðir og tekin er fyrir ein dyggð á u.þ.b. 6 vikna fresti og lögð sérstök áhersla á hana. Dyggðirnar eru: *Iðjusemi, tillitssemi, heiðarleiki, agi og hlýðni, virðing, kurteisi og fyrirgefning.*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vináttu og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig er ein dyggð. Þegar byrjað er á nýrri dyggð er geisla þeirra dyggðar snúið við og þegar skólaárinu lýkur hefur öllum geislunum verið snúið við. Sjá nánar á heimasíðu.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Arnarsmára eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Matsteymi: Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri, Sérkennslustjóri, Deildarstjóri og fulltrúi foreldra úr foreldraráði.

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2025 – 2026

- Læsi og samskipti voru metin á síðasta skólaári og niðurstöður sýna að almennt er lögð áhersla á að efla samskipti og málþroska barna í gegnum daglegt starf, en jafnframt kemur fram skýrt tækifæri til að gera þá vinnu markvissari og sýnilegri. Áberandi niðurstaða er þörf fyrir aukið og markvissara samtal við börn, þar sem tryggt er að öll börn fái daglega athygli og tækifæri til samskipta. Einnig þarf að auka notkun opinna spurninga og fjölbreytts orðaforða til að styðja við málþroska og tjáningu barna.
- Viðburðir í skólanum eru metnir jafnóðum eftir því sem þeir fara fram.
- Í tengslum við réttindaskólaverkefnið mátu elstu árgangar skólans skólastarfið.
- Öll börn í skólanum fara í gegnum EFI og Hljóm-2 þegar við á og einnig er stuðst við TRAS. Ef börn koma illa út úr þessum prófum er gripið inn í með íhlutun. Allir foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður prófanna.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Samantekt á niðurstöðum kannana og eftirlits koma hér. Umbóta getið í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

- *Skólapúlsinn foreldrakönnun*
- Vinnustaðagreining meðal starfsfólks vor 2026
- Heilbrigðiseftirlit
- Vinnueftirlitið
- Eldvarnareftirlit
- Öryggiseftirlit lóða

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð fyrir könnun meðal starfsfólks á vegum Skólapúlsins.

Foreldrakönnun 2026

Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins 2026 sýna að ánægja foreldra með leikskólann Arnarsmára er mjög mikil. Svarhlutfall var 88,1% sem bendir til áreiðanlegra niðurstaðna. Foreldrar meta almenna starfsemi leikskólans mjög jákvætt. Ánægja með leikskólann mælist 98,2%, ánægja með stjórnun 100% og ánægja barnsins í leikskólanum 100%, sem er yfir landsmeðaltali í öllum tilvikum. Námsumhverfi og faglegt starf fær einnig mjög góða einkunn. Foreldrar telja starfsfólk faglegt og styðjandi, að börn fái góðan stuðning og að námsumhverfið sé öruggt og hvetjandi. Sérstaklega er ánægja með aðstöðu og húsnæði mikil (98,3%) og mataræði metið mjög gott (100%). Samskipti við foreldra eru almennt góð og tengsl við starfsfólk sterk. Niðurstöður benda þó til þess að hægt sé að styrkja enn frekar upplýsingamiðlun og hvatningu til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Einnig má sjá tækifæri til umbóta í þáttum sem snúa að félagsfærni og leiðsögn barna, sem og í tengslum við flutning barna milli skólastiga. Samantekið sýna niðurstöður að starfsemi leikskólans er sterk og að foreldrar bera mikið traust til skólans, en jafnframt liggja fyrir skýr tækifæri til áframhaldandi þróunar og umbóta.

Vinnustaðagreining 2026

Niðurstöður starfsmannakönnunar Prósent 2026 sýna að starfsfólk í Arnarsmára býr yfir mikilli hollustu og tryggð við vinnustaðinn, með gott viðhorf til starfsins, samstarfs og næsta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

yfirmanns. Starfsfólk upplifir starfið sem áhugavert og skemmtilegt og er almennt jákvætt gagnvart samstarfi og ímynd vinnustaðarins.
Á móti kemur að starfsánægja er nokkuð lægri en þessir styrkleikar gefa tilefni til og helgast það einkum af áskorunum sem snúa að starfsskilyrðum. Þar vegur þyngst upplifun af miklu vinnuálagi, manneklu og erfiðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
Einnig kemur fram að tækifæri til starfsþróunar og eftirfylgni mælast lægri en æskilegt er, og hlutfall starfsmanna sem hafa farið í starfsmannasamtal er lágt þrátt fyrir að þau samtöl hafi gengið mjög vel.
Heildarniðurstaða gefur til kynna að styrkja þurfi vinnuaðstæður, mönnun og skipulag til að draga úr álagi og styðja betur við starfsþróun, á meðan byggt er á þeim sterku undirstöðum sem felast í góðu samstarfi, jákvæðu starfsumhverfi og sterkri stjórnunarhæfni í skólanum.

- **Heilbrigðiseftirlit** kom til okkar þetta skólaár og voru niðurstöður sendar til þeirra er málið varðar hjá Kópavogsbæ
- **Vinnueftirlitið** kom ekki til okkar þetta skólaárið
- **Eldvarnareftirlit** - húsumsjónarmaður skólans sinnir því að fylla út eldvarnarskjalið, slökkviliðið kom, skoðaði aðstæður og ræddi við elstu börn skólans
- **Öryggiseftirlit lóða** er gert á hverju ári af úttektaraðila

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Arnarsmára er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið. Leikskólinn Arnarsmári fékk áframhaldandi viðurkenningu Réttindaskóla UNICEF til næstu þriggja ára og við ætlum að halda áfram að vinna með heimsmarkmiðin eins og við höfum gert.
- Okkar skóli, börn skólans fengu að ákveða hvernig fjármagninu yrði ráðstafað. Börnin komu með hugmyndir og kosið var lýðræðislega um endanlega niðurstöðu og allir voru sáttir.
- Áherslur um heilsu og vellíðan. Eins og undanfarin ár leggjum við mikla áherslu á lýðheilsu almenna hreysti allra þeirra sem koma að starfi leikskólans.
- Áætlun um læsisstefnu - unnið hefur verið jafnt og þétt að endurskoðun læsisstefnu og stefnum að því að hún komi út á næsta skólaári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

- Viðmið um málstefnu - Málstefna skólans er tilbúin og verður gefin út á næsta skólaári. Starfsfólk hefur verið upplýst um innihald hennar. Innleiðing gengur vel.
- Nýjar áherslur í aðalnámskrá - Nýjar áherslur í aðalnámskrá hafa verið kynntar og eru allir að tileinka sér þær.
- Endurskoðun skólanámskrár hefur ekki gengið nægilega vel en lítið er eftir þannig að hún verður gefin út á næsta skólaári.
- Hæfnirammar í íslensku hafa verið kynntir starfsmönnum skólans en ekki hefur þó verið mikil þörf á þeim þar sem börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru fá í skólanum.
- Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn – Handbókin hefur verið nýtt þegar þörf hefur verið á.
- Farsældin - Allt starfsfólk skólans hefur farið á námskeið á fræðslutorgi um farsældarlögin og er meðvitað um hvað felst í farsældarlögunum.
- Lausnarteymi samanstendur af leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þeirrar deildar sem við á. Haldnir verða reglulegir fundir með málsaðilum.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Eins og áður hefur komið fram er skólinn Réttindaskóli Unicef og vinnum við enn að því að innleiða og þróa það starf. Ætlum við einnig að vinna markvisst að því að upplýsa og kynna Farsældarlögin fyrir starfsfólki og foreldrum barna í skólanum.

8. Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar Arnarsmára leggja áherslu á að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börn þeirra. Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Nánar á heimasíðu.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Reynt er að hafa fulltrúa frá hverri deild skólans í foreldraráði og verður kosið í lausar stöður á foreldrafundi í haust. Nánar á heimasíðu skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Á aðalfundi foreldrafélagsins í haust verður kosið í stjórn og þeir sem áhuga hafa mega vera í stjórn félagsins. Nánar á heimasíðu skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

9. Starfsfólk

Í Arnarsmára er gert ráð fyrir 12,83 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 175% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 67% starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 13,10 stöðugildi, en þar af 1,5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2026-2027 starfa í Arnarsmára auk stjórnenda átta leikskólakennarar, þar af fimm sem deildastjórar, sérkennslustjóri, og almennur kennari inn á deild. Íþróttafræðingur sem fer á milli deilda, einn nemi í meistaranámi við HÍ, listasmiðjustjóri, leiðbeinendur, matráður og aðstoðarmatráður.

Í vetur verða stöðugildi 13 og viðbótarkennsla verður 1,5 stöðugildi. Jafnvægi er í aldursdreifingu barnanna og 3 árgangar verða á hverri deild.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

1. *Föstudaginn 18. september - Unnið verður að skipulagi vetrarins*
2. *Miðvikudaginn 11. nóvember - Sameiginlegt námskeið fyrir allt starfsfólk 3. Mánudaginn 11. janúar - Unnið verður að skipulagi vorannar og námskeið.*
4. *Þriðjudaginn 9. mars - Heimsóknir í leikskóla, deildarfundir og annað skipulag*
5. *Föstudaginn 7. maí - Skólastarfið endurmetið og næsta skólaár undirbúið*

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

11. Aðrar upplýsingar

Skólaárið 2026-2027 eru 84 börn í vistun. Af þeim eru fimm börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna og tvö börn sem eiga annað foreldri erlent og hitt íslenskt.

Fjöldi dvalarstunda er 621,6 á dag og meðaldvalartími barna eru 7,4 klst á dag. Sem er svipaður dvalartími og í fyrra þó örlítið hærra. Erfitt getur verið að áætla dvalartíma barnanna því hann er svo breytilegur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í vetur eru stöðugildi vegna viðbótarkennslu 1,5.

Aldursskipting	**Fjöldi barna**
Börn fædd 2021	21
Börn fædd 2022	18
Börn fædd 2023	17
Börn fædd 2024	17
Börn fædd 2025	11

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

Sumarið 2025 var byggt nýtt eldhús við skólans og hafa starfsaðstæður í eldhúsi gjörbreyst, vinnuaðstæður eru allt aðrar og betri. Lítið annað var gert, starf húsumsjónarmanns hefur auðveldað starf stjórnendi mikið. Að óska eftir aðstoð við ýmiskonar viðhald og lagfæringar hefur gengið vel og samstarf við húsumsjónarmanns gengið vel. Skipt verður um gólfefni í fataklefum í sumarlokun.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Kominn er tími á að laga hús að utan og mála að innan, einnig þarf að og endurnýja salerni á bláa gangi. Klára þarf að endurnýja dúka á gólfum deilda og setja upp hljóð dempun í loftum.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjóri, leiksskólastjóri

Öryggistrúnaðarmaður: aðstoðarleikskólastjóri

Öryggisverðir: leikskólastjóri, deildastjóri, leiðbeinandi

Áfallaráð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjóri, leiðbeinandi

Skólaárið 2025- 2026 varð ekkert alvarlegt slys á börnum en einn starfsmaður slasaði sig á hendi í eldhúsi. Fjögur minniháttar slys urðu eitt í íþróttasal og þrjú í útiveru.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

14. Lokaorð

Starfsáætlun endurspeglar metnaðarfullt og markvisst skólastarf þar sem lögð er áhersla á vellíðan barna, fagmennsku starfsfólks og gott samstarf við foreldra. Niðurstöður innra og ytra mats gefa skýra mynd af styrkleikum leikskólans, svo sem jákvæðum starfsanda, góðu samstarfi og sterkri faglegri sýn, en jafnframt liggja fyrir tækifæri til umbóta, einkum hvað varðar starfsskilyrði, álag og áframhaldandi starfsþróun.

Á komandi skólaári verður áfram byggt á þeim styrku undirstöðum sem fyrir eru, með áherslu á að efla heilbrigði og vellíðan, styrkja skipulag og starfsumhverfi, og gera faglegt starf enn markvissara. Með samstilltu átaki starfsfólks, stjórnenda og foreldra eru góðar forsendur til að þróa starf leikskólans enn frekar og tryggja börnum öruggt, styðjandi og lærdómsríkt umhverfi.

Komandi skólaár leggst vel í okkur þó verða breytingar á stjórnun skólans þegar leikskólastjóri kemur aftur til starfa í haust. Núverandi leikskólastjóri sem hefur verið í skólanum síðan í október 2024 hættir í lok ágúst og vonir standa til að þá verði leikskólastjórinn kominn til starfa. Námsferðin sem farin var til Barcelona í maí sl. þjappaði fólki saman og bætti starfsandann.

15. Fylgigögn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Námssviðið Læsi og samskipti	Stefna sveitarfélags	Að deildarstjórar og kennarar deilda vinni markvisst með niðurstöðu matsins	2026/2027	Stjórnendateymi	Þeir þættir í mati síðasta skólaárs verði komnir í það horf sem við viljum	Nýtt námsvið metið á hverju vori, gengur vel
Dagskipulag og verkefni	Niðurstöður starfsmannasamtala	Dagskipulag og verkefnin verið endurskoðuð á fundum. Unnið út frá breyttu aðgerðardagatali í vetur	2026/2027	Stjórnendateymi skólans	Endurmat / könnun að vori	Gengur vel, reglulega endurskoðað
Deildafundir	Niðurstöður starfsmannasamtala	Deildafundir festir betur í skorðum, stjórnendur minna á fundina reglulega	2026/2027	Stjórnendateymi skólans	Endurmat / könnun að vori	Breytt fyrirkomulag á deildarfundum til þess að þeir verði reglulegir
Málstefna	Stefna sveitarfélags	Málstefna tilbúin	2026/2027	Starfsfólk skólans	Verður gefin út í haust	Allt starfsfólk er að tileinka sér málstefnuna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Læsisstefna leikskólans	Stefna sveitarfélags	Er í endurskoðun	2026/2027	Stjórnendateymi	Áherslur læsisstefnu sýnilegar í starfi	Unnið á skipulagsdögum og fagfundum
Námssviðið Heilbrigði og vellíðan	Stefna sveitarfélags	Að deildarstjórar og kennarar deilda vinni markvisst með heilbrigði og vellíðan	2026/2027	Stjórnendateymi	Metið að vori og stefnt að góðri niðurstöðu úr mati	Reglulega farið yfir hvernig staðan sé varðandi námssviðið
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Starfsmanna könnun	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2026/2027	Stjórnendateymi	Efla góðan og jákvæðan starfsanda í húsinu	Sett hefur verið upp áætlun um hópefli og uppákonur á skólaárinu
Fagfundir	Niðurstöður starfsmanna-könnunar	Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum	2026/2027	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir	Einn fundur á önn til að byrja með. Endurmetið í vor
Farsældarlögin	Stefna sveitarfélags	Kynna vel öllu starfsfólki farsældarlögin til að innleiðingin gangi sem best	2026/2027	Stjórnendateymi	Skipulagsdagar/ undirbúningur og fræðslutorg	Allir fái tækifæri og tíma til að kynna sér farsældarlögin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	2x í mánuði	Unnið í eftirvinnu að hluta	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Vor 2027	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjórar taka viðtöl við allt starfsfólk skólans.
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla í Arnarsmára	Farið yfir starfsmannahandbókina	Upphaf starfs og 4-6 vikum eftir að starf hefst	20-30 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildastjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla um uppbyggingu	Farið yfir hugmyndafræði	Vorönn	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnendur

		Uppeldi til ábyrgðar				
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna	Verður 1x á önn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Skyndihjálparnámskeið	Á skipulagsdegi	4 tímar	Tekið af rekstarkvóta skólans.	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar nóvember	Fyrirlestur á vegum menntasviðs	Á Skipulagsdegi	4 tímar	Tekið af rekstarkvóta skólans	Menntasvið
Allir starfsmenn	Fræðsla um ýmsa þætti í leikskólastarfinu og fagmennsku	Fræðslumorgnar	6-8 vikna fresti allt skólaárið	30 mín í senn	Unnið á vinnutíma	Starfsfólk skólans
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Á fimmtudögum verða ýmiskonar fræðsla og samráðsfundir fyrir deildastjóra	1x í mánuði	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskóladeild
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar/ undirbúningur og Fræðslutorg	Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um farsældarlögin og hvernig skal bregðast við	Allt skólaárið	30 mín á viku	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnendur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Leikskólinn Arnarsmári

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M	Listavika	1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ	
2	S		2	M		2	F		2	M	Læsisátak	2	M		2	L		2	Þ		2	Þ	Listavika	2	F	**lðjusemi**	2	S		2	M				
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ	Vinanika barna	3	F		3	S		3	M		3	M	Listavika	3	L		3	M		3	F	Arnarsmári á iði		
4	Þ	Sumarlokun	4	F	**Gulur dagur**	4	S		4	M		4	F	**Rauður dagur/aðvar**	4	M		4	F		4	F	Listavika	4	S		4	Þ		4	F				
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F	Stóri læsisdagurinn	5	F	Listavika	5	M		5	M	**Appelsínugulur dagu**	5	L			
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn		
7	F	Regnbogadagur	7	M		7	M		7	L		7	M	Piparkökumálun/for	7	F	Afmæli Arnarsmára 29	7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skiuplagsdagur	7	M			
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F	**Fyrirgefning**	8	M	Bolludagur	8	M	Læsisátak/Lubbi	8	F		8	L		8	Þ				
9	S		9	M		9	F	**Agi og hlýðni**	9	M	Vináttuganga	9	M	Garpar/ Grasagarð*	9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F	**Blár dagur**	9	S		9	M				
10	M	Aðlögun 1	10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F	Sumar-og sólblóm		
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur	11	F	Jólaball	11	M	Skipulagsdagur	11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F				
12	M	Árgangaskiptahátíð	12	L		12	M	Ég sjálfur og fjölskylda mí	12	F		12	L		12	Þ	Samfélagið fyrr	12	F	**Kurteisi**	12	F	Samfélagið nú	12	M	Fjölmenningarvika	12	M		12	L				
13	F		13	S		13	Þ	Foreldrafundur	13	F	**Heiðarleiki**	13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S				
14	F		14	M		14	M	Foreldrasamtöl hefjast	14	L		14	M	Aðventustund/gróðver	14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F	**Virðing**/sveitaferð*	14	M				
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F		15	M		15	M	Stærðfræðidagurinn mil	15	F		15	L		15	Þ				
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M	Aðventuf Grallara*	16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M				
17	M	Aðlögun 2	17	F		17	L		17	Þ		17	F	Gullmolar Sivert*	17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn		
18	Þ		18	F	Skipulagsdagur	18	S		18	M		18	F	Leiksýning *	18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F				
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F	Mömmur og ömmur í morgun	19	F		19	M	Náttúran,vorið,húsdýrin	19	M		19	L				
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F	Útskriftarferð*	20	S				
21	F		21	M		21	M	**Bleikur dagur**	21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M				
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagur -pabbar og afar í morgunkaffi	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ				
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F	Hreinsunardagur*	23	S		23	M				
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F				
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F				
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F		26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L				
27	F		27	S		27	Þ		27	F	Aðventustund/gróðverk	27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F	Útskriftarhátíð*	27	S				
28	F	**Tillitssemi**	28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M				
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F							29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ			
30	S		30	M		30	F	Hrekkjavaka	30	M	Jólavika 30.nóv - 4 des	30	M	Skráningardagar	30	L							30	Þ		30	F		30	S		30	M			
31	M					31	L					31	F	Gamlársdagur	31	S							31	M					31	M						

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 11.11.2026

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hrafn Guðlaugsson
Kt. 2110902359
Dags. 1.7.2026 10:59:40
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ísak Hilmarsson
Kt. 2206882329
Dags. 1.7.2026 13:09:07
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sæunn Kolbrún Pórólfsdóttir
Kt. 2205873639
Dags. 2.7.2026 16:04:55
Ástæða: Undirritun

Kópavogur, 29.06.2026.

Efni: Umsögn foreldraráðs Arnarsmára um starfsáætlun 2026-2027

Inngangur
Hlutverk foreldraráðsins er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt.

Umsögn
Starfsáætlun og skóladagatal leikskóla ársins 2026-2027 var kynnt foreldraráði um miðjan júnímánaðar 2026. Samhljómur er með starfsáætlun og dagatali með þeirri stefnu sem skólinn hefur verið að vinna eftir undanfarin ár af mikilli fagmennsku.

Mikill metnaður er lagður í alla starfsemi leikskólans. Einkunnarorð skólans eru höfð að leiðarljósi í starfinu: frumkvæði, vinátta og gleði. Einnig fer mikið fyrir stefnu sem skólinn vinnur eftir og nefnist Uppbygging sjálfsaga - Uppeldi til ábyrgðar.

Stefna skólans fléttast vel saman við alla starfsemi hans. T.a.m. fá börnin tækifæri og hvatningu til að hjálpa sér sjálf og taka ábyrgð í hinum ýmsu kringumstæðum í samræmi við uppeldi til ábyrgðar. Dagskráin endurspeglar einnig stefnuna og einkunnarorðin um frumkvæði, vináttu og gleði en oft fá börnin að velja sjálf viðfangsefni. Vináttan skipar einnig stóran sess og gott dæmi um notkun þessa einkunnarorðs er þegar vinalagið er sungið á vinafundum til einhvers sem er veikur með von um skjótan bata. Leikskólinn vinnur einnig markvisst að efla læsi og málörvun barnanna t.d. með lestrinum og hvernig hann fer fram með samræðulestri þar sem börnin eru spurð út í efni bókarinnar og einnig teknar dýpri samræður um efni bókanna. Heilt yfir stendur skólinn sig frábærlega í sinni vinnu og stefnu.

Foreldrasamstarf í Arnarsmára hefur gengið mjög vel. Reglulegir tölvupóstar eru sendir á foreldra um hina ýmsu viðburði sem átt hafa sér stað eða eru fram undan. Mikil áhersla er á að foreldrar upplifi að börnum sínum líði vel í leikskólanum og að kennurunum þyki vænt um þau. Vel er tekið á móti nýjum foreldrum og börnum og aðlögun barna er til fyrirmyndar.

Foreldraráðið er áfram hugsi út í þá fjölgun sem orðið hefur í hverfinu á undanförnum misserum án fjölgunar á leikskólaplássum. Nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu innviða samhliða fjölgun íbúa á svæðinu.

Foreldraráðið telur að endurskoða þurfi úthlutunarreglur leikskólanna í sveitarfélaginu og taka upp systkina forgang. Dæmi eru um að foreldrar þurfi að keyra langar vegalengdir milli hverfa til að fara með börn í leikskóla og skóla allt á háannatíma. Við sem sveitarfélag viljum hafa fjölskylduvænt umhverfi og ýta undir notkun vistvænna ferðamáta og því væri til mikilla bóta að taka upp systkina forgang og minnka þannig líkur á að forráðamenn þurfi að skutla börnum sínum oftar en ekki á einkabíl lengri vegalengdir en annars þyrfti með tilheyrandi mengun og kostnaði. Með því að hafa börnin á leikskóla í hverfinu kynnast einnig bæði börn og foreldar innan hverfisins sem minnkar líkur á félagslegri einangrun. Það eru því bæði umhverfisleg- og félagsleg rök fyrir því að börn komist inn á leikskóla í sínu hverfi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Starfsmannavelta í Arnarsmára hefur verið lítil undanfarin ár og í leikskólanum starfar góður og þéttur hópur kennara sem sinna starfi sínu af heilum hug. Sumir hafa verið frá opnun 7. janúar 1998. Það er ekki sjálfgefið að starfsmannaveltan sé jafn lítil og raun ber vitni og ber að þakka fyrir það. Fyrir okkur er þetta augljóst merki um góðan vinnustað.

Foreldraráðið vill undirstrika nauðsyn þess að viðhalda húsnæði og lóð leikskólans. Á síðasta ári var farið í stækkun leikskólans þegar byggt var við eldhúsið. Við fögnum þeirri framkvæmd og augljóst er að starfsaðstaðan batnaði til muna við þessa framkvæmd. Þó ber að nefna að Heilbrigðiseftirlitið þurfti að ítreka það nokkrum sinnum við yfirvöld að geri þyrfti úrbætur á eldhúsinu áður en farið var í verkefnið. Við viljum því hvetja bæjaryfirvöld til að halda áfram að huga að viðhaldi og endurbótum þar sem dæmin eru fjölmörg í nágranna sveitarfélögum okkar þar sem komið hefur að skuldadögum með kostnaðarsömum framkvæmdum með tilheyrandi óþægindum fyrir alla sem koma að málum. Meðfylgjandi eru myndir sem teknar voru í Arnarsmára í lok júnímánaðar.

Lokaorð
Foreldraráð fagnar öllum markmiðum starfsáætlunar og leikskóladagatali 2026-2027 sem eru faglega unnin og gefa góð mynd af því frábæra starfi sem unnið er á hverjum degi í leikskólanum.

Skólinn hefur í öllu starfi lagt mikla áherslu á gott samstarf við foreldra og nemendur skólans og er einhugur meðal foreldra skólans hversu gott samfélag Arnarsmári er. Fyrir það erum við þakklát.

Fyrir hönd foreldraráðs Arnarsmára

_____
Hrafn Guðlaugsson

_____
Ísak Hilmarsson

_____
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir

Viðauki – myndir

Hér eru myndir sem voru teknar í leikskólanum í lok júnímánaðar.

Bls. 2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Bls. 3

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026